

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/171
komudagur 22. 10. 2012

Reykjavík 19. október 2012

Mál nr. 88 – Frumvarp til efnalaga

Umsögn Sambands garðyrkjubænda og Bændasamtaka Íslands um frumvarp til efnalaga

Samband garðyrkjubænda (SG) og Bændasamtök Íslands (BÍ) senda inn sameiginlega umsögn um málið sem snertir almennt landbúnað en sérstaklega garðyrkju og útiræktun hennar.

Í heild má segja að ekki séu margar athugasemdir við frumvarpið enda hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda sem munu koma fram hér að neðan. Þau atriði komu fram í athugasemdum sem gerðar voru vegna reglugerðar númer 1107/2009 og voru óljós. Samband garðyrkjubænda sendi Umhverfissráðuneytinu bréf síðastliðin vetur þar sem reifuð voru þau atriði sem félagið vildi koma á framfæri.

Markaðsleyfi

Í 34. grein frumvarpsins er fjallað um markaðsleyfi varnarefna og um þau ákvæði sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð um hvernig markaðsleyfi eru veitt. Segir þar m.a.:

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvernig umsókn um markaðsleyfi skulu útbúin og hvaða gögn þurfi að fylgja, skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis, ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi sem gefið er út í öðrum löndum . . .

Í 35. grein segir síðan:

Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til samhliða markaðssetningar á varnarefni sem hefur fengið markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í bréfi til Umhverfissráðuneytisins var einmitt lýst verulegum áhyggjum af stöðu Íslands sem smárikis. Lýst var áhyggjum yfir því að sækja þyrfti um markaðsleyfi í hverju landi fyrir sig en hættu er á að Ísland yrði þar útundan vegna smæðar. Í ofantöldu greinum frumvarpsins virðist búið að taka tillit til þess þar sem er t.d. ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu markaðsleyfa og að hægt er að veita leyfi til samhliða markaðsleyfis á varnarefni sem fengið hefur leyfi á EES svæðinu.

Gjaldtaka


Í 53. grein frumvarpsins er síðan rætt um heimild Umhverfisstofnunar til gjaldtöku. Viðurkennd er þörf fyrir slíka gjaldheimtu og að kostnaður myndist við ákveðna þjónustu. Í dag er borgað 8.000 krónur til Umhverfissráðuneytisins fyrir að skrá efni og með skráningu er það í gildi með heimild ESB.

Ekki er tekið gjald fyrir tímabundna undanþágu til innflutnings en hann verður að mestu verða aflagður með setningu efnalaga.

Undirritaðir telja að við vinnslu gjaldskrá skuli gæta hófs. Ekki má setja gjaldskrá það háa að hún komi í veg fyrir markaðssetningu nauðsynlegra varnarefna. Það sem veldur áhyggjum og óvissu var vitneskja að möguleiki yrði á að kostnaður vegna veitingar gagnkvæmra viðurkenningar gætu numið allt að 300.000 krónum. Magn flestra varnarefna er það lítið að kostnaðurinn er úr hófi. Dæmi er um heildarnotkun 5-30 lítra á ári af tilteknum efnum og er ljóst að slíkur kostnaður er allt of hár til þess að leggja út í hann. Einnig var rætt um að kostnaður við markaðsleyfi hér á landi yrði allt að 3 milljónir króna. Slík gjaldskrá kemur ekki til greina.

Undirritaðir eru því jákvæðir gangvart frumvarpinu.

F. h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson
Lögfræðingur

F. h. Sambands garðyrkjubænda



Bjarni Jónsson
framkvæmdastjóri